

# STAÐREYNDIR ÚR INNRA STARFI OKKAR

## GÓÐIR MOLAR ÚR MANNAUÐSSTEFNUNNI

- Fiskistofa leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé áhugaverður og aðlaðandi og að þar mælist ekki kynbundinn launamunur
- Vinnuumhverfið einkennist af vellíðan, heilbrigði og gagnkvæmri virðingu
- Starfsmannasamtöl eru tekin að jafnaði þrisvar sinnum á ári
- Áhersla er lögð á teymisvinnu, þekkingaröflun og símenntun starfsfólks
- Vinnustaðurinn er fjölskylduvænn
- Boðið er upp á viðtöl hjá sálfræðingum vegna álags eða erfiðleika í starfi og sáttamiðlun ef ágreiningur ris
- Starfsfólki býðst að vinna á öðrum starfsstöðvum Fiskistofu tímabundið

### MÆLINGAR OG SAMANBURÐUR

Fiskistofa kannar reglulega viðhorf starfsfólks til starfsumhverfis og stjórnunar. Fiskistofa tekur einnig þátt í stærri könnunum s.s. Stofnun ársins auk eiginlegra kannana sem háskólanemar hafa gert. Niðurstöður hafa verið mjög góðar í þeim samanburði sem við á hverju sinni og að jafnaði má segja að þær séu í hópi 20% jákvæðustu svaramana sem gerðar eru hjá sambærilegum stofnunum.

### UPPLÝSINGATÆKNISVIÐ FISKISTOFU

Á árinu 2019 voru heimsóknir á vef Fiskistofu um 600.000. Flettingar voru 5,8 milljónir. Þar af voru 65% heimsóknir í gegnum tölvu og 35% með snjalltækjum.


#### Dæmi um verkefni 2019:

- Nýtt hjálparborð upplýsingatækisviðs var opnað í júlí og hafa um 60 beiðnir borist frá opnun
- 401 mál voru leyst í Jira (verkefnastjórnunarkerfi)
- Endurvigtunarvefur fór í frekari þróun og prófun
- Rekjanleiki breytinga fyrir afladagbókaappið þróað, prófað og sett í rekstur
- Vefþjónustur voru þróaðar, prófaðar og settar í rekstur fyrir appið, leyfisveitingagátt og endurvigtun
- Settur var upp nýr eldveggur og lögð drög að því að Fiskistofa fari á sjálfstætt net
- Innleiðing brotamálagáttar í skjalakerfi
- Viðbætur innleiddar við umsóknargátt fyrir byggðakvóta

#### Verkefni framundan á vegum upplýsingatækisviðs:

- Aðskilnaður tölvukerfa Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar, 20 fundir hafa þegar verið haldnir vegna málsins
- Samstarf við Stafrænt Ísland að því að koma bréfum frá Fiskistofu til aðila rafrænt inn í pósthátt Ísland.is.
- Unnið í samvinnu við Stafrænt Ísland að tengja kerfi Fiskistofu við nýja leyfisveitingagátt Ísland.is
- Unnið að rekjanleika afla úr veiðiferðum: samtengingu upplýsinga úr appi, rafrænni afladagbók, Gafi og endurvigtun
- Undirbúningur fyrir mælaborð á vef Fiskistofu

**66,7%**  
starfsmanna  
Fiskistofu borða  
kæsta skötu



Í hverjum mánuði eru að meðaltali skráð:

226 innlegg

262 athugasemdir

1552 viðbrögð (t.d. „like“)

81 skilaboð

Flestir póstar birtast á Vinnustund

## FISKISTOFA LEGGUR SIG FRAM UM AÐ GERA VEL VIÐ STARFSFÓLK SITT. Á SÍÐASTA ÁRI VAR STARFSMÖNNUM M.A. BOÐIÐ UPP Á:

- Morgunkaffi aðra hverja viku
- Þorrablót og jólahlaðborð
- Veglegan fjárhagslegan stuðning við starfsmannafélag
- Líkamsræktarstyrk
- Samgöngusamning
- Nýársgjöf, aðventugjöf og tveir auka frídagar í jólagjöf
- Styttri vinnuviku að teknu tilliti til aðstæðna
- Bólusetningu
- Tvo starfsdaga með góðum veitingum
- Á þriðja tug fræðsluerinda

## GÆÐAKERFI

Í gæðakerfi eru ítarlegar upplýsingar um eftirfarandi mannauðsferla:

- Starfsmannahandbók
- Starfsþróunarstefnu
- Heilsu- og viðverustefnu
- Jafnlaunakerfi
- Jafnréttisáætlun
- Siðareglur og trúnað
- Ferla um áreitni- og eineltismál
- Verkerfa um meginverkefni

## HVERJIR KOMU Í HEIMSÓKN 2019 OG HVERJA HEIMSÓTTUM VIÐ?

Á hverju ári taka starfsmenn Fiskistofu á móti fjölda innlendra og erlendra gesta sem koma til að kynna sér starfsemina og íslenska fiskveiðistjórnun.

Á meðal þeirra sem sátu kynningar hjá okkur:

- Sendiherra Indlands á Íslandi
- Fulltrúar Kyrrahafseyja á Arctic Circle
- Hópar bandarískra og þýskra háskólanema í námsferðum hérlendis
- Nemendur og kennarar frá Háskólasetri Vestfjarða og frá auðlindadeild HÍ
- Stjórnendahópur frá norsku matvælastofnuninni
- Sérfræðingahópur frá MCS á fundi um uppsjávarveiðar
- Írsk sendinefnd sem var að fræðast um veiðieftirlit og fiskveiðistjórnun
- Veiðieftirlit Grænlands
- Félag kvenna í sjávarútvegi

Einnig fóru starfsmenn víða til að kynna starf Fiskistofu:

- Kynning í samstarfi við SFS fyrir skipstjóra á uppsjávarveiðiskipum
- Kynning á gæðakerfi Fiskistofu fyrir Gæðastjórnunarfélag Norðurlands, HA og Landlæknisembættið
- Fjórar stærri kynningar á jafnlaunakerfi Fiskistofu fyrir mannauðs-, gæða- og fjármálastjóra
- Þátttaka í panelumræðum á CCQ ráðstefnu Origo
- Kynning á innleiðingu persónuverndarlaga hjá Fiskistofu fyrir Háskólann á Akureyri
- Þátttaka á málstofu um rafrænt eftirlit á Sjávarútvegs ráðstefnunni og á ráðstefnu í Rússlandi

Algengasta skóstærð starfsmanna Fiskistofu er stærð 43 en fast á hælanna kemur stærð 39

